

Nd.

32. Framvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. júlí. Ef 1. júlí ber upp á sunnudag, er kosið næsta virkan dag á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingunum 1924 og 1925 voru borin fram frv. um breytingar á kosningalögunum, þar sem meðal annars var farið fram á færslu kjördags frá hausti til vors. Kröfurnar um þessa breytingu verða æ hávægarar með ári hverju, og er þess vænst, að Alþingi hafi sannfærst um nauðsyn þessarar breytingar.